

9. gr.

Í stað „2. mgr.“ í fyrri málslíð 19. gr. laganna kemur: 1. mgr.

10. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti og málsmeðferð óbyggðanefndar, þ.m.t. frágang kröfúlýsinga, uppdráttu og annarra gagna málsaðila, og tæknilega útfærslu á markalínum.

11. gr.

Við löginn bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Um kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd sem fellur til fyrir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 17. gr. laganna eins og henni er breytt með 7. gr. laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að synja útgáfu leyfis þegar umsækjandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr. eða ef umsækjandi hefur á undanförmum fimm árum verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda eða um tryggingagjald eða þessum lögum og ástæðurnar eiga við:

- a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eigenda hans,
- b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
- c. umsækjanda sem er einstaklingur.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætast fjórir nýir liðir, svohljóðandi:

f. Kaffihús.

Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar.

- g. Krá.
Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar.
- h. Dansstaður.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi sem aðallega hefur opið seint að kvöldi og að næturlagi og aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og dans gesta.
- i. Næturklúbbur.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim veitingastöðum sem reka starfsemi sem falla undir nýja flokka skv. 2. gr. laga þessara er skylt að uppfylla skilyrði laganna og afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Nr. 67

20. maí 2000

LÖG

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.